GJALDSKRÁ

fyrir sérstakt búfjáreftirlit í Dalabyggð.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjáreftirlit o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu sem er ein klst. skal vera kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjáreftirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 pr. klst.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanns, sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af hlutaðeigandi umráðamanni búfjár. Kostnaður pr. ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið í sveitarstjórn Dalabyggðar, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2005.

F. h. r.
Hákon Sigurgrímsson.

Atli Már Ingólfsson.

Nr. 812 25. mars 2005

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Atlantsolíu, kt. 590602-3610, Óseyrarbraut, Hafnarfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. apríl 2015.

Umhverfisstofnun, 25. mars 2005.

Davíð Egilson forstjóri.

Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.